



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Árnesi, 12.3.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202403-0010

2. Framkvæmdanefnd

Fundartími:	15:30 – 17:30
Boðaðir:	Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir
Fundarstjóri:	Haraldur Þór Jónsson
Ritari:	Haraldur Þór Jónsson
Starfsmenn:	Vilborg Ástráðsdóttir

1. Íbúafundur um skipulag í Árnesi

Farið yfir skipulag íbúafundarins sem verður haldinn kl. 10:30 næsta laugardag, 16. mars í Árnesi.

Dagskrá fundarins verður:

Haraldur fer yfir vinnu síðustu mánaða og tímalínuna.

Vilborg fer yfir skólabyggingarnar, hvað sé búið að gera og hvað sé framundan.

Páll og Hannes taka svo við og kynna sína aðkomu að verkefninu, þrívíddarlíkanið o.fl.

Umræður á borðum og stutt SVOT greining.

Koma þarf stærðum af fyrirhuguðu íþróttahúsi og verknámshúsi til Páls svo hægt sé að setja þau inni þrívíddar umhverfið ásamt mismunandi staðsetningum í Árnesi.

2. Envalys kemur inná fundinn og kynnir Árnes í 3D

Páll Jakob líndal kemur inná fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Rætt um skipulagið á komandi íbúafundi og farið yfir skipulagið á fundinum.

3. Forgangsröðun verkefna

Eftirfarandi verkefni þarf að vinna áfram.

- Vinna þarf að því að ákveða hvar íþróttahús og verknámshús verði staðsett í Árnesi.
- Halda þarf áfram með þarfagreiningu fyrir húsin.
- Vilborg og Lilja eru búnar að fara í heimsóknir í önnur verknámshús og skipuleggja þarf fleiri heimsóknir
- Hefja þarf þarfagreiningu á íþróttahúsi og skipuleggja heimsókn í nokkur íþróttahús til að skoða stærðir og aðbúnað húsa sem eru í rekstri í dag.
- Búið er að ákveða innraskipulag Þjórskóla frá og með næsta skólaári og tryggja þarf iðnaðarmenn í þá breytingar sem þarf að fara í í vor og sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 21. mars kl. 9:30

Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina:

Undirritunarsíða

Gunnar Örn Marteinson

Lilja Loftsdóttir

Haraldur Þór Jónsson